

Athugasemdir faghóps 3 vegna stefnumótunar um meðferð vindorkukosta

1. *Vindorkukostir nærri byggð.* Forsendur tillagna starfshóps um samspil vindorku og rammaáætlunar eru að beina uppbyggingu vindorku frá svæðum með hátt og mjög hátt verndargildi en auðvelda á móti uppbyggingu á svæðum þar sem slík sjónarmið eru ekki fyrir hendi. Faghópur 3 bendir á að þessi nálgun virðist ganga fyrst og fremst út frá áhrifum vindorkukosta á náttúru, en síður á samfélag. Áhrifa vindorkuvera gætir þó að jafnaði í ríkari mæli nálægt byggð en fjarri henni. Í því ljósi getur verið óæskilegt að auðvelda uppbyggingu vindorkuvera í of miklu návígi við íbúðarhúsnæði. Faghópurinn telur æskilegt að í nýjum tillögum um málsmeðferð vindorkukosta í rammaáætlun komi fram skýr viðmið um hve nærri byggð leyfilegt sé að staðsetja vindorkuver, með tilliti til áhrifa ljós- og hljóðmengunar, skuggaflökts og annars sem áhrif getur haft á lífsgæði og heilsu fólks á eða í nágrenni við heimili sín. Einnig er æskilegt að Skipulagsstofnun setji sambærileg viðmið fyrir landið í heild, sem að einstaka sveitarfélög geta stuðst við í ákvarðanatöku.

2. *Áhrif vindorkuvera á íbúa annarra sveitarfélaga.* Faghópur 3 bendir á að sökum mikils sýnileika geti vindmyllur auðveldlega haft áhrif á lífsskilyrði fólks langt út fyrir mörk þess sveitarfélags þar sem þær eru staðsettar. Vindorkuver getur til dæmis verið þannig í sveit sett í landslagi að það sé mun sýnilegra íbúum nágrennasveitarfélags en heimasveitarfélags. Í þessu ljósi er æskilegt að metið sé í hverju tilfelli fyrir sig hvort mat á samfélagslegum áhrifum vindorkukosts eigi einungis að vera bundið við sveitarfélag þar sem vindmyllur rísa, eða hvort það eigi jafnframt að vera framkvæmt á öðru stjórnarsýslustigi, hvort sem þar er um að ræða rammaáætlun, Landskipulagsstefnu eða önnur stjórnæki sem taka til hagsmuna stærri svæða.

3. *Aðkoma íbúa og sveitarstjórna á fyrstu stigum.* Faghópur 3 vill koma því á framfæri að hann telur brýnt að í lög um verndunar- og orkunýtingaráætlun sé bætt ákvæði sem skyldar framkvæmdaraðila til að kynna þá orkukosti sem að meta þarf í rammaáætlun fyrir viðeigandi sveitarstjórnnum og íbúum eigi síðar en þeim er skilað inn til Orkustofnunar. Faghópurinn álitur að frumforsenda þess að hægt sé að leggja mat á samfélagsleg áhrif virkjunarkosta með fullnægjandi hætti sé að þeir hafi verið kynntir fyrir sveitarstjórnarfulltrúum og íbúum, og að upplýst og lýðræðisleg umræða um þá hafi að einhverju marki hafist þegar þeir eru teknir til umfjöllunar í rammaáætlun. Faghópurinn bendir á að upplýst og lýðræðisleg vinnubrögð af þessu tagi eru sjálfsagður þáttur í faglegu mati á áhrifum framkvæmda í nútímanum. Þannig vinnubrögð stuðli einnig að aukinni sátt í samfélaginu um þær ákvarðanir sem teknar eru í landinu um verndun og orkunýtingu.